



LANDBÓTASJÓÐUR NORÐUR HÉRAÐS

Ársskýrsla 2018

Egilsstaðir, janúar 2019

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 - 2018.....	1
3	Framkvæmdir árið 2018.....	2
3.1	Landgræðsluaðgerðir á Jökuldalsheiði.....	4
3.1.1	Hrafnkelsdalur.....	4
3.1.2	Faxahús.....	4
3.1.3	Glúmsstaðadalur.....	4
3.1.4	Laugarvellir.....	4
3.1.5	Laugavalladalur.....	4
3.1.6	Hallarfjall.....	4
3.1.7	Múli.....	4
3.1.8	Brú.....	4
3.1.9	Heiðarsel.....	4
3.1.10	Grunnavatnsalda.....	5
3.1.11	Gildrusvæði (Norðan Ánavatns).....	5
3.1.12	Bjallkolluhraun.....	5
3.1.13	Botnahraun / Skollagrenisás / Langahlíð / Toddastykki / Háreksstaðir.....	5
3.1.14	Skjöldólfsstaðhnjúkur.....	5
3.2	Landgræðsluaðgerðir á áreyrum.....	5
3.2.1	Hólmatunga/Hnitbjörg.....	5
3.2.2	Galtastaðir.....	6
3.2.3	Hrærekslækur.....	6
3.2.4	Litli Bakki.....	6
3.2.5	Surtsstaðir.....	6
3.3	Framlag til bænda.....	6
3.4	Kort af framkvæmdum sjóðsins.....	6
4	Árangursmat - skipulagning aðgerða.....	12
4.1	Jökuldalsheiðin.....	12
4.1.1	Vorskoðun.....	12
4.1.2	Haustskoðun.....	16
4.2	Áreyrar.....	19

4.2.1	Vorskoðun	19
4.2.2	Haustskoðun	23
4.3	Bændadreifing	25
5	Fundargerðir stjórnar 2018.....	26
5.1	Fundargerð 85. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs föstudaginn 26.01.2018 fundurinn er haldinn á Egilsstöðum.	26
5.2	Fundargerð 86. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs föstudaginn 02.02.2018 fundurinn er haldinn á Egilsstöðum.	27
5.3	Fundargerð 87. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs miðvikudaginn 14.02.2018 fundurinn er haldinn á Egilsstöðum.	28
5.4	Fundargerð 88. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs föstudaginn 16.03.2018 fundurinn er haldinn á Egilsstöðum.	30
5.5	Fundargerð 89. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs miðvikudaginn 25.04.2018 fundurinn er haldinn á Egilsstöðum.	30
5.6	Fundargerð 90. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs mánudaginn 18.06.2018 fundurinn er haldinn á Skjöldólfsstöðum.	32
5.7	Fundargerð 91. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður – Héraðs miðvikudaginn 05.12.2018. Fundurinn er haldinn á Egilsstöðum.	34
6	Ársreikningar.....	35

Myndaskrá

Mynd 1: Sýnir tonnafjölda áburðar sem borin	1
Mynd 2: Sýnir kg fræs sem dreift hefur verið á vegum sjóðsins.	1
Mynd 3: Sýnir áborna hektara á ári.	1
Mynd 4: Kort af syðstu svæðunum.	7
Mynd 5: Brú og nágrenni.	8
Mynd 6: Grunnavatnsalda og nágrenni.	9
Mynd 7: "Svæði milli vega", Botnahraun, Langahlíð, „Toddastykki“ og Háreksstaðir, ásamt Skjöldólfsstaðahnjúk.	10
Mynd 8: Áreyrar Jöklu	11
Mynd 9: Skriða utan Þverár í umsjón unglingahóps. Ber orðið lítið á raskinu.	12
Mynd 10: Horft yfir í Vaðbrekkuháls. Hér breitt síðast 2016 og austur hliðin 2017.	12
Mynd 11: Skænudalur og Hattur. Ekkert unnið á þessu svæði í sumar.	13
Mynd 12: Í átt að Sveifarhæð.	13
Mynd 13: Laugarvalladalur innan Vesturdalsár.	13
Mynd 14: Laugarvalladalur, Vesturdalsá.	13
Mynd 15: Hallarfjall. Svæðið fékk lágan skammt áburðar 2017.	14
Mynd 16: Sami staður og hér til hliða. Hægt gengur að ná gróðri af stað í slíkri hæð, ekki síst með svo lágum skömmtum.	14
Mynd 17: Viðir tekur yfirleitt mjög vel við áburðargjöf, jafnvel í lágum skömmtum.	14
Mynd 18: Múli. Breitt 2017 vinstra megin vegar.	14
Mynd 19: Talsverð og erfið börð eru í grennd við Heiðarsel.	15
Mynd 20: Séð á Poll. Unglingar og verktakar hafa undanfarin ár unnið í að loka börðunum.	15
Mynd 21: Skotalda og „Gildran“ í fjarska. Síðast breitt næst á mynd árið 2016.	15
Mynd 22: Vatnsrof við Netsel. Unnið hefur verið í uppgræðslu á vegsári niður að vatninu sum undanfarin ár.	15
Mynd 23: Toddastykki. Svæðið var með besta móti þetta vorið.	16
Mynd 24: Toddastykki.	16
Mynd 25: Toddastykki. Bakkar á gróðurtorfum ábornir svo þeir standist betur sandstorma. .	16
Mynd 26: Toddastykki. Mikið laust efni er á svæðinu sem sverfur að eftirstandandi gróðri. Enn má sjá líf í tilraun með sáningu frá árinu áður í einum "bollanum". Annars hefur yfirleitt gengið illa að koma gróðri til við þessar aðstæður.	16
Mynd 27: Vaðbrekkuháls. Hliðin vinstra megin á mynd áborin sumarið 2017. Hefur tekið vel við sér enda skammtar frekar háir m.v. annað.	17
Mynd 28: Vaðbrekkuháls norðan megin. Lengra síðan unnið var þarna.	17
Mynd 29: Skænudalur grýtur á kafla. Stærri skammtar notaðir á þann hluta 2017.	17
Mynd 30: Laugavellir. Dalbotn við Laugavelli og eins innan við Vesturdalsá var breiddur... ..	17
Mynd 31: Múli. Svæðið neðan (hægra megin) og innar til var áborið í sumar.	17
Mynd 32: Sami staður og hér til hliðar.	17
Mynd 33: Grænöxl. Svæðið breitt í sumar. Aðstæður sum staðar buðu vart uppá mikla rýni.	18
Mynd 34: Sami staður og hér til hiðar.	18
Mynd 35: Grænöxl. Víða leynast minjar um liðnar götur á heiðinni.	18
Mynd 36: Grænöxl. Ummerki um umferð áburðarverktaka og „grænir sandar“ eftir aðgerðir sumarsins.	18
Mynd 37: Keppingsdalur. Rof í brekkum ofan Þverárvatns var meðal fyrstu uppgræðslusvæða á heiðinni. Í sumar þótti ástæða til að breiða brekkurnar eftir margra ára hlé.	18

Mynd 38: Grunnavatnsalda. Árlega eru miklum áburði varið á ölduna enda meðal víðáttumestu svæðum sem sjóðurinn sinnir. Þar má víða lesa skil milli gróðurframvindu vegna mismunandi áburðargjafa.	18
Mynd 39 : Galtastaðaeypri.	19
Mynd 40: Galtastaðaeypri. Víðir víða að skjóta rótum.	19
Mynd 41: Galtastaðaeypri. Syðst á ytri eyri sem var „hvíld“ þetta sumarið.	20
Mynd 42: Sami staður og hér til hiðar.	20
Mynd 43: Jaðrar á Galtastaðaeypum eru sum ár undir álagi af flóðavatni.	20
Mynd 44: Lúpína finnst í auknum mæli á austurbakka Jöklu.	20
Mynd 45: Galtastaðaeypri. Víða fjölbreyttur gróður að koma inn á hluta svæðisins.	21
Mynd 46: Innri Galtastaðaeypri. Enn breiður af Beringspunt sem sáð var í upphafi uppgræðslu. Sjá má lúpínu stinga sér niður fyrir miðri mynd.	21
Mynd 47: Galtastaðaeypri innri. Melur sem oft lendir undir vatn yst á svæðinu.	21
Mynd 48: Gróður á erfitt uppdráttar á sumum jaðarsvæðum.	21
Mynd 49: Surtstaðaeypri. Ummerki um flóðavatn. Talsvert er af birki og víði að nýta sér „áveituna“	22
Mynd 50: Surtstaðaeypri.	22
Mynd 51: Hólmatunga. Enn að stærstum hluta mjög rýrt en svæðið hefur tekið mjög vel við sér undanfarin 2-3 ár.	22
Mynd 52: Hólmatunga.	22
Mynd 53: Hólmatunga. Séð inná fláka sem fékk áburð fyrir 2 árum.	23
Mynd 54: Sama svæði og hér til hliðar.	23
Mynd 55: Surtstaðaeypri tók mjög vel við áburðagjöf 2018.	23
Mynd 56: Hólmatunga.	24
Mynd 57: Hólmatunga. Dæmigerð gróðurþekja. Ábórið 2018.	24
Mynd 58: Hólmatunga. Leir safnast fyrir í lægðum ef flæðir.	24
Mynd 59: Hólmatunga. Sami staður og hér til hliðar.	24
Mynd 60: Dæmigerð gróðurþekja áreyrunum. Hér hefur verið breitt 2018 í annað sinn.	25
Mynd 61: Víðir stingur sér snemma nður ef hann fær til þess frið, oftast í drögum.	25
Mynd 62: Innri Galtastaðaeypri.	25
Mynd 63: Innri Galtastaðaeypri. Melurinn hægra megin á mynd var breiddur í sumar.	25

Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Rúnari Inga Hjartarsyni nema annað sé tekið fram. Hann sá einnig um korta- og gagnavinnslu og tók saman efni skýrslunnar.


1 Inngangur

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður af þáverandi sveitarfélagi Norður-Héraði fyrir framlag Landsvirkjunar. Aðal markið þess er að græða upp land a.m.k. til jafns við það gróðurlendi sem tapaðist undir Hálslón. Einnig á sjóðurinn að standa að uppgræðslu á áreyrum Jökulsár á Dal en með minnkun vatnsmagns eykst hættan á uppfoki á áreyrum. Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar tapaðist um 32 km² af grónu landi undir Hálslón. Unnið hefur verið að þessari uppgræðslu frá árinu 2003 aðallega með því að bera tilbúinn áburð á lítt eða ógróið land innan áhrifasvæðis virkjunarinnar og örva þannig náttúrulega framvindu gróðurs á svæðinu. Ráðgjafarnefnd sjóðsins hefur haft umsjón með uppgræðsluaðgerðum, áætlanagerð og árangursmati og verktakar hafa unnið að dreifingu áburðar og fræs eftir því sem við á. Unglingavinnuflokkar Landsvirkjunar hafa og komið að dreifingu áburðar og fræs, aðallega í rofabörð þar sem vélar komast illa að.


Skýrslur sjóðsins er m.a. hægt að nálgast á rafrænu formi á vefnum sjalfbaerni.is (umhverfi – umhverfisvísar), vef Austurbrúar, Alcoa og Landsvirkjunar um sjálfbærniverkefni á Austurlandi.

2 Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 - 2018


Unnið hefur verið að uppgræðslu á vegum Landbótasjóðs N-Héraðs frá 2003. Á þessum árum hefur verið unnið að uppgræðslu á um 6.410 ha lands. Sum svæði hefur verið farið oft um og



Mynd 1: Sýnir tonnafjölda áburðar sem borin hafa verið á á vegum sjóðsins.



Mynd 2: Sýnir kg fræs sem dreift hefur verið á vegum sjóðsins.



Mynd 3: Sýnir áborna hektara á ári.

jafnvel árvisst um einhverra ára bil en annað þurft (eða fengið) minni stuðning eða er nýbyrjað á. Yfirleitt er árangur ágætlega áberandi og oft mjög góður. Einnig eru dæmi um svæði þar sem uppgræðsla hefur ekki tekist sem skyldi enn sem komið er. Á það helst við um áreyrarnar neðan til í Jökulsá á Dal en flóð í ánni gera uppgræðslu erfiða. Uppgræðslusvæðin eru því mislangt á veg komin í gróðurframvindu.

Tafla 1: Taflan sýnir umfang svæða alls sem sjóðurinn hefur framkvæmt á til 2018

Svæði	ha	Í töflu 1 eru tíundaðar helstu stærðir svæða sem farið hefur verið í. Unglingadreifing er innifalin í tölunum þar sem hún á við enda að jafnaði mjög afmarkaðir og brotnir skikar sem þeir sinna. Bændasvæðin eru þau svæði sem einstaka bændur hafa fengið framlög til að sinna á sínum jörðum úr sjóðnum. Heiðin er Jökuldalsheiði, Brúaröræfi, og svæði sem sjóðurinn hefur haft forgöngu um að græða.
Heiði	5.203	
Áreyrar	589	
Bændadreifing	618	
Samtals	6.410	

Á myndum 1 og 2 má sjá magnið af áburði annars vegar og fræi hins vegar sem sjóðurinn hefur breitt ár hvert frá upphafi.

3 Framkvæmdir árið 2018

Uppgræðsluframkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs héldu áfram á árinu 2018 með dreifingu á tilbúnum áburði og sáningu á grasfræi á rofsvæðum uppi á heiði og á áreyrum Jökulsár á Dal. Alls var dreift um 217,8 tonnum af áburði á 1.273 hekturum lands og auk þess dreift 260 kg af túnvingulsfræi. Þetta er lítils háttar aukning áburðar frá árunum á undan.

Leitað var tilboða í áburð frá helstu áburðarsölum og bærust tilboð frá þeim flestum. Í einhverjum tilvikum var um að ræða blöndur sem almennt voru ekki í pöntunarlistum og voru því aðlagðar með þarfir sjóðsins sérstaklega í huga. Sjóðurinn þakkar þann metnað sem áburðarsalar hafa lagt í tilboðin. Áburðartegundin sem var valin þetta árið var Völlur 30-10 frá Búvís.

Verktakarnir sem unnu við uppgræðsluframkvæmdir Landbótasjóðs N-Héraðs voru Agnar Benediktsson, Snæbjörn Ólason, og Jón Björgvin Vernharðsson. Sigurður Jónsson sá um flutninginn á áburðinum. Unnið var að uppgræðslu dagana 29.júní. - 9. júlí. Byrjað á heiðinni og endað á áreyrum og í tilvikum „bændadreifingu“.

Unglingavinnuflokkur Landsvirkjunar vann eins og á árunum á undan að uppgræðslustörfum fyrir Landbótasjóð N-Héraðs. Sú vinna stóð frá 2. – 19. júlí. Arnór Benediktsson stýrði hópnum og unglingarnir skiptust eitthvað út hverja viku. Vinna þeirra er mikilvægur hluti í uppgræðslu á rofabörðum og svæðum sem eru illa aðgengileg tækjum.

Bændur/landeigendur sáu í mörgum tilvikum sjálfir um það sem þeim var úthlutað undir liðnum „Framlög til bænda“. Mismunandi var hvenær svæði þeirra opnuðust en yfirleitt tókst að breiða á svæðin í júní og júlí.

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir þau svæði sem breidd voru og magn áburðar og fræs á hverjum stað fyrir sig. Einnig er vísað til korta af svæðinu.

Tafla 2: Yfirlit svæða sem áborin voru sumarið 2018.

Aðgerðir 2018				
Skýring	Ha	Tonn áb.	kg/ha	Sekkir *)
Hrafnkelsdalur	17	3,6	212	6
Faxahús	136	24,0	176	40
Glúmsstaðadalur	28	6,0	214	10
Laugavellir	65	12,0	185	20
Laugavalladalur	44	6,0	136	10
Hallarfjall	35	3,6	103	6
Múli	40	7,2	180	12
Brú - Grænöxl	60	7,8	130	13
Brú - Þverárbakkar	69	12,0	174	20
Brú - Svínabúðalækur	101	16,8	166	28
Heiðarsel	9	1,8	200	3
Gunnvatnsalda	134	21,6	161	36
Sænautasel - Gildra	43	7,8	181	13
Sænautasel - Bali	2	0,6	300	1
Bjallkolluhraun	61	9,6	157	16
Botnahraun	88	13,2	150	22
Langahlíð	91	13,2	145	22
Toddastykki	25	4,8	192	8
Skjöldólfsstaðamúli	13	2,4	185	4
Hólmatunga	45	6,6	147	11
Surtsstaðeyri	19	3,0	158	5
Hrærekslækur	12	1,8	150	3
Galtastaðir fram - innri	11	1,8	164	3
Litli-Bakki	31	4,8	155	8
Dýjafjall	9	2,4	267	4
Eiríksstaðir	12	2,4	200	4
Hákonarstaðir	15	2,4	160	4
Hnefilsdalur	14	2,4	171	4
Merki	15	2,4	160	4
Mælivellir	10	2,4	240	4
Teigasel	19	2,4	126	4
Þríhyrningsvatn (handbr.)		0,6		1
Handáburður (unglingar)		5,4		9
Skemmdir/afföll		3,0		5
*) 600 kg sekkir	Alls:	1.273	217,8	363

3.1 Landgræðsluaðgerðir á Jökuldalsheiði

Á heiði var breitt 180 tonnum af áburði á um 1.061 ha lands. Þar af var 174 tonnum véldreift af verktökum. Unglingar frá vinnuflokki Landsvirkjunar handdreifðu 5,4 tonnum í skriður og rofabörð og 600 kg var handdreift í rofsvæði við Þríhyrningsvatn. Auk þess sáði unglingahópurinn 260 kg af húðuðum túnvingli með áburðardreifingunni í sum börðin.

3.1.1 Hrafnkelsdalur

Í Hrafnkelsdal var breitt um 17 ha svæði, aðallega á Langa-mó. Svæði sem hefur ekki fengið áburð í allmörg ár. Að mestu leiti var dreift með vélum, 6 tonn af áburði en auk þess handdreift 1 sekk í rofabörð, aðallega á milli Aðalbóls og Vaðbrekku.

3.1.2 Faxahús

Breitt var á um 136 ha svæði nyrst á svæðinu. Að mestu leiti var borið á neðan við veg en einnig ofan við út með flata sem oft hefur verið blautur. Að hluta til var um 1. breiðslu að ræða m.a. til að „tengja“ við gróður á svæðinu.

3.1.3 Glúmsstaðadalur

Breitt var á mest allt eldra svæðið, 28 ha, en auk þess var svæðið teygt til to norðurs. Töluvert meira fór af áburði þarna en undafarin ár eða um 6 tonn, auk 1 sekks sem var handáborin.

3.1.4 Laugarvellir

Mörg ár síðan Laugavellir fengu síðast áburð en breiddir voru 65 ha í sumar með 12 tonnum. Allt svæðið var tekið undir og bætt við utan við grafning sem hefur verið illfært á til þessa.

3.1.5 Laugavalladalur

Svæðið innan við Vesturdalsá, um 44 ha, fékk 6 tonn af áburði í ár.

3.1.6 Hallarfjall

Um 35 ha um miðbik elsta hluta uppgræðslunnar á Hallarfjalli fékk 3,6 tonn af áburði. Um 100 kg/ha sem er afar lítill skammtur við þessar aðstæður. Svæðið er með því hæst yfir sjó sem unnið er á á vegum sjóðsins, þurrt og gróðurvana. Almenn t gengur þó furðu vel að koma gróðri til þarna en búast má við að hann þurfi töluvert viðhald næstu áratugina.

3.1.7 Múli

Á Múla var breitt 7,2 tonnum á 40 ha lands, innst fyrir neðan veg að þessu sinni. Auk þess voru 2 sekkir breiddir með höndum í börð sem ekki verður komist að með vél.

3.1.8 Brú

Breitt var á 230 ha í landi Brúar og 36,6 tonn af áburði notuð. Nyrst í Grænöxl. Niður með Þverá norðan vegar og nánast allt svæðið sunnan við Svínabúðalæk og suður fyrir Þverárvatn ofan við veg. Það svæði er eitt þeirra sem var snemma byrjað að vinna á en hefur ekki fengið áburð nú í allmörg ár þar til í sumar.

3.1.9 Heiðarsel

Breiddir voru um 9 ha og 1,8 tonn við Heiðarsel utan í börðum. Auk þess handáborinn 1 sekkur. Stefnt er á að sinna þessu svæði betur næstu árin og m.a. styrkja torfur og tengja breiðslu á Grunnvatnsöldu við þær.

3.1.10 Grunnavatnsalda

Haldið var áfram með breiðslu þar sem frá var horfið í fyrra með svipaðan skammt og í fyrra, 21,6 tonn á 134 ha. Áhersla var á norðari hluta svæðisins neðan vegar og sérstaklega að tengja uppgræðslurnar vel inn í nærliggjandi gróður næst Ánavatni þar sem komist er að. Því var svæðið lítillega „þanið út“ niður að vatninu. Enn bíður næsta árs um 10-15 ha svæði nærri Heiðarseli sem ekki var komist á að þessu sinni, bíður næsta árs. Grunnavatnsalda er mjög stórt svæði og búast má við að þurfa að breiða einhvern hluta þess árlega næstu árin.

3.1.11 Gildrusvæði (Norðan Ánavatns)

Að venju var borið á gildrusvæðið norður af Ánavatni. Nú fóru á það 7,8 tonn á 43 ha lands. Þetta árið var það austur hluti svæðisins sem fékk. Einnig voru sett 500 kg á nærumhverfi Sænautasels.

3.1.12 Bjallkolluhraun

Hafist var handa við nýtt svæði innan við vegamót Brúarvegar við Möðrudalsleið í fyrra sem sum part er í framhaldi af svæði sem Landgræðslufélag Héraðsbúa hafði borið á fyrir um áratug síðan. Sjóðurinn ákvað að taka svæðið undir sinn verndarvæng og breiða þar nú 9,6 tonn á um 61 ha sumarið 2018. Var það sett í framhaldi af því sem unnið var í fyrra, að mestu vestan Brúarvegar Búast má við að svæðið þurfi áframhaldandi áburðargjöf á næstu árum.

3.1.13 Botnahraun / Skollagrenisás / Langahlíð / Toddastykki / Háreksstaðir

Breitt var á miðhluta Botnahrauns, milli þess sem breitt var 2016 við Skollagrenisás og Lönguhlíðar í fyrra. Ekki var farið suður fyrir veg að þessu sinni. Svæðið var stækkað lítillega og tengt við nærliggjandi gróin svæði enda aðstæður óvenju góðar í ár. Á þessi svæði fóru samtals 26,4 tonn áburðar á 179 ha. Á Toddastykki fóru 4,8 tonn þar sem farið var yfir 25 ha og auk þess 2 sekkir bornir með höndum í börð af unglingaflokki.

Hluti rofs í Toddastykki verður við að laus efni sem koma úr börðum safnast í skafla sem færa sig yfir nærliggjandi gróður. Þannig rofnar sú vörn er gróðurhulan er og rofaöfl hafa greiðari aðgang að jarðvegi. Til að sporna við þessu var reynt í fyrra að raðsá túnvingli í blöndu við rýgresi í sandfláka umhverfis virk rofabörð í Toddastykki og draga þannig úr hraða rofsins. Ekki er útséð með árangur af því en a.m.k. er jákvætt að sumarið eftir mátti enn merkja töluvert líf í sáningum. Svæðið naut þess einnig að árferði var með besta móti og ummerki um áfok yfir gróðurtorfur virtust með minnsta móti þetta árið.

3.1.14 Skjöldólfsstaðhnjúkur

Ábornir voru 13 ha með 2,4 tonnum af áburði, aðallega um mið hluta svæðisins. Aðstæður voru með besta móti þetta árið og bleyta ekki til vandræða eins og oft er.

3.2 Landgræðsluaðgerðir á áreyrum

Á áreyrar var breitt á um 118 ha lands og notuð 18 tonn af áburði sem er mjög svipaður skammtur og í fyrra. Áherslan aðallega á að breiða eyrar sem ekki höfðu fengið áburð um árabíl og sýndu skortseinkenni.

3.2.1 Hólmatunga/Hnitbjörg

Breitt var syðst og næst ánni þar sem ekki hafði verið unnið í nokkur ár. Að hluta til var um útpenslu á eldra svæði eða nýtt svæði. Alls voru breiddir þarna alls 6,6 tonn á 45 ha.

3.2.2 Galtastaðir

Ytri eyrin var hvíld þetta árið enda fékk hefur hún fengið talsverða athygli undanfarin ár með góðum árangri. Áburður var breiddur á Innri eyri, melinn og jaðar yst. Þar fóru 1,8 tonn á 11 ha lands.

3.2.3 Hrærekslækur

Eyri hafði ekki fengið áburð um langt árabíll en fékk nú 1,8 tonn á 12 ha lands. Breitt var á nánast alla eyrina.

3.2.4 Litli Bakki

Breitt var á alla eyrina, beggja megin áls. Notuð voru 4,8 tonn áburðar á 31 ha.

3.2.5 Surtsstaðir


Surtsstaðaeypin hafði ekki fengið áburð í nokkur ár en fékk nú 3 tonn á 19 ha svæði. Breidd var öll eyrin ásamt rofsvæðum á bakka.

3.3 Framlag til bænda


Nokkrir einstaklingar hafa fengið úthlutað úr sjóðnum til að sinna svæðum í sínu nánasta umhverfi. Í töflu 2 er þessi úthlutun tíunduð ásamt öðru. Alls eru þetta átta aðilar sem fá úthlutun og breiddu samtals um 94 ha til gróðurstyrkingar. Að mestu var unnið með vélum en í tilfelli Þríhyrningsvatns er um handdreifingu að ræða í rofabörð og opnanir.

3.4 Kort af framkvæmdum sjóðsins.


Á næstu síðum eru sýnd kort af helstu framkvæmdum sjóðsins. Á þeim má einnig lesa hvar áherslan hefur verið frá því áburðargjöf hófst á vegum verkefnisins. Litirnir gefa til kynna hve oft hefur verið farið yfir hvern 10m x 10m flöt og þar með vísbending um hve mikla meðferð svæðið hefur fengið.




Mynd 4: Kort af syðstu svæðunum.




Mynd 5: Brú og nágrenni.



Mynd 6: Grunnvatnsalda og nágrenni.



Mynd 7: "Svæði milli vega", Botnahraun, Langahlíð, „Toddastykki“ og Háreksstaðir, ásamt Skjöldólfsstaðahnjúk.



Mynd 8: Áreyrar Jöklu

4 Árangursmat - skipulagning aðgerða

Ráðgjafanefnd kom saman nokkrum sinnum á árinu 2018. Í henni sitja Baldur Grétarsson Fljótsdalshérað, Dagbjartur Jónsson Landsvirkjun og Rúnar Ingi Hjartarson Landgræðslunni. Nefndin er stjórn til ráðgjafar vegna tilboða í áburðakaup. Í ársbyrjun hvers árs vinnur nefndin áburðaráætlun sumarsins. Á vorin er farið um svæðin og lögð lokahönd á útfærslu breiðslu sumarsins og tillaga að skipulagi lögð fyrir stjórn til ákvörðunar. Ráðgjafanefndin annars svo verkstjórn með verktökum. Að hausti er árangur ársins metin og lögð drög að næstu skrefum.

4.1 Jökuldalsheiðin

Veturinn var í meðallagi snjóþungur á svæðunum en voraði vel og kom gróður fljótt til er snjóá leysti. Áburðarbreiðsla fór því fram snemmsumars miðað við sum undanfarin ár, eða í byrjun júlí. Haustið var ágætt en vetrarveður létu sjá sig mun fyrir en oftast er. Vatnsbúskapur sumarsins var yfirleitt ekki til vandræða. Árangur breiðslu var því ágætur er á heildina lítið.

Þar sem dreift var með höndum var víðast hvar þokkalegur árangur en rofabörðin sem átt er við eru misjöfn og sum hver mjög erfið í uppgræðslu.

4.1.1 Vorskoðun

Skoðunarferð var farin um heiðina 15.6.18 (Baldur, Dagbjartur og Rúnar Ingi). Veturinn var í meðallagi snjóþungur víðast hvar á svæðinu. Vorið var hlýtt og leysing jöfn og góð og gekk hraðar en sum árin á undan. Gróður var í meðallagi snemma á ferðinni og kom vel undan vetri. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðinni.



Mynd 9: Skriða utan Þverár í umsjón unglingahóps. Ber orðið lítið á raskinu.



Mynd 10: Horft yfir í Vaðbrekkuháls. Hér breitt síðast 2016 og austur hliðin 2017.



Mynd 11: Skænudalur og Hattur. Ekkert unnið á þessu svæði í sumar.



Mynd 12: Í átt að Sveifarhæð.



Mynd 13: Laugarvalladalur innan Vesturdalsár.



Mynd 14: Laugarvalladalur, Vesturdalsá.



Mynd 15: Hallarfjall. Svæðið fékk lágan skammt áburðar 2017.



Mynd 16: Sami staður og hér til hliða. Hægt gengur að ná gróðri af stað í slíkri hæð, ekki síst með svo lágum skömmtum.



Mynd 17: Víðir tekur yfirleitt mjög vel við áburðargjöf, jafnvel í lágum skömmtum.



Mynd 18: Múli. Breitt 2017 vinstra megin vegar.



Mynd 19: Talsverð og erfið börð eru í grennd við Heiðarsel.



Mynd 20: Séð á Poll. Unglingar og verktakar hafa undanfarin ár unnið í að loka börðunum.



Mynd 21: Skotalda og „Gildran“ í fjarska. Síðast breitt næst á mynd árið 2016.



Mynd 22: Vatnsrof við Netsel. Unnið hefur verið í uppgræðslu á vegsári niður að vatninu sum undanfarin ár.



Mynd 23: Toddastykki. Svæðið var með besta móti þetta vorið.



Mynd 24: Toddastykki.



Mynd 25: Toddastykki. Bakkar á gróðurtorfum ábornir svo þeir standist betur sandstorma.



Mynd 26: Toddastykki. Mikið laust efni er á svæðinu sem sverfur að eftirstandandi gróðri. Enn má sjá líf í tilraun með sáningu frá árinu áður í einum "bollanum". Annars hefur yfirleitt gengið illa að koma gróðri til við þessar aðstæður.

4.1.2 Haustskoðun

Skoðunarferð var farin um heiðina 25.09.18 (Baldur, Dagbjartur og Rúnar Ingi). Heiðin kom mjög vel undan vetri um vorið. Vatnsbúskapur var yfirleitt ekki til vandræða. Haustaði fremur snögglega, þó ekki endilega óeðlilega snemma. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðinni.



Mynd 27: Vaðbrekkuháls. Hlíðin vinstra megin á mynd áborin sumarið 2017. Hefur tekið vel við sér enda skammtar frekar háir m.v. annað.



Mynd 28: Vaðbrekkuháls norðan megin. Lengra síðan unnið var þarna.



Mynd 29: Skænudalur grýtur á kafla. Stærri skammtar notaðir á þann hluta 2017.



Mynd 30: Laugavellir. Dalbotn við Laugavelli og eins innan við Vesturdalsá var breiddur.



Mynd 31: Múli. Svæðið neðan (hægra megin) og innar til var áborið í sumar.




Mynd 32: Sami staður og hér til hliðar.



Mynd 33: Grænöxl. Svæðið breitt í sumar. Aðstæður sum staðar buðu vart uppá mikla rýni.



Mynd 34: Sami staður og hér til hiðar.



Mynd 35: Grænöxl. Víða leynast minjar um liðnar götur á heiðinni.



Mynd 36: Grænöxl. Ummerki um umferð áburðarverktaka og „grænir sandar“ eftir aðgerðir sumarsins.



Mynd 37: Keppingsdalur. Rof í brekkum ofan Þverárvatns var meðal fyrstu uppgræðslusvæða á heiðinni. Í sumar þótti ástæða til að breiða brekkurnar eftir margra ára hlé.



Mynd 38: Grunnavatnsalda. Árlega eru miklum áburði varið á ölduna enda meðal víðáttumestu svæðum sem sjóðurinn sinnir. Þar má víða lesa skil milli gróðurframvindu vegna mismunandi áburðargjafa.

4.2 Áreyrar

Árangur á áreyrunum var ágætur sumarið 2018. Flóð í Jöklu voru minniháttar og höfðu líklega engin teljandi áhrif á uppgræðslur þetta árið. Flóð síðla hausts 2017 virtust ekki hafa mjög alvarlega afleiðingar en þó sást greinilegt staðbundið rof og skemmdir af þess völdum. Sumarið skilaði reglulegri úrkomu. Ummerki um beit, ekki síst gæsabeit, eru víða. Einnig má geta að sauðfjárvarnargirðing út Tunguna sem hluti svæðanna er á „bak við“ virðist ekki halda fé jafn vel og vonir stóðu til. Mikilvægt er að girðingahaldari tryggi betur rekstur girðingarinnar.

4.2.1 Varskoðun

Skoðunarferð var farin um áreyrar 14.6.18. Baldur, Dagbjartur og Rúnar Ingi.



Mynd 39 : Galtastaðaeypri.



Mynd 40: Galtastaðaeypri. Víðir víða að skjóta rötum.



Mynd 41: Galtastaðaeyri. Syðst á ytri eyri sem var „hvíld“ þetta sumarið.



Mynd 42: Sami staður og hér til hiðar.



Mynd 43: Jaðrar á Galtastaðaeyrum eru sum ár undir álagi af flóðavatni.



Mynd 44: Lúpína finnst í auknum mæli á austurbakka Jöklu.



Mynd 45: Galtastaðaeyrin. Víða fjölbreyttur gróður að koma inn á hluta svæðisins.




Mynd 46: Innri Galtastaðaeýri. Enn breiður af Beringspúnt sem sáð var í upphafi uppgræðslu. Sjá má lúpínu stinga sér niður fyrir miðri mynd.



Mynd 47: Galtastaðaeýri innri. Melur sem oft lendir undir vatn yst á svæðinu.



Mynd 48: Gróður á erfitt uppdráttar á sumum jaðarsvæðum.



Mynd 49: Surtstaðaeypri. Ummerki um flóðavatn. Talsvert er af birki og víði að nýta sér „áveituna“.



Mynd 50: Surtstaðaeypri.




Mynd 51: Hólmatunga. Enn að stærstum hluta mjög rýrt en svæðið hefur tekið mjög vel við sér undanfarin 2-3 ár.



Mynd 52: Hólmatunga.



Mynd 53: Hólmatunga. Séð inná fláka sem fékk áburð fyrir 2 árum.



Mynd 54: Sama svæði og hér til hliðar.

4.2.2 Haustskoðun

Skoðunarferð var farin um áreyrar 25.9.18. Baldur, Dagbjartur og Rúnar Ingi. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðum.



Mynd 55: Surtstaðaeypri tók mjög vel við áburðagjöf 2018..



Mynd 56: Hólmatunga.



Mynd 57: Hólmatunga. Dæmigerð gróðurþekja. Ábórið 2018.



Mynd 58: Hólmatunga. Leir safnast fyrir í lægðum ef flæðir.



Mynd 59: Hólmatunga. Sami staður og hér til hliðar.



Mynd 60: Dæmigerð gróðurþekja áreyrunum. Hér hefur verið breitt 2018 í annað sinn.



Mynd 61: Víðir stingur sér snemma nður ef hann fær til þess frið, oftast í drögum.



Mynd 62: Innri Galtastaðeyri.



Mynd 63: Innri Galtastaðeyri. Melurinn hægra megin á mynd var breiddur í sumar.

4.3 Bændadreifing

Ekki var gerð sérstök úttekt á öðrum svæðum á árinu (t.d. bændasvæðunum).

5 Fundargerðir stjórnar 2018

5.1 Fundargerð 85. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs föstudaginn 26.01.2018 fundurinn er haldinn á Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar: Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Björn Hallur Gunnarsson.

Sigvaldi setti fund kl 15:00

1. Samþykkt og undirritun 84.fundargerðar frá 28.07. 2017.

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

2. Styrkur til Landgræðslufélags Héraðsbúa vegna uppgræðslustarfs í Giljahólum.

Fulltrúar í ráðgjafanefnd fóru um uppgræðslusvæðið á s.l. hausti og greiddi formaður í framhaldi af því þau 10 % af styrkloforði til verkefnisins sem haldið var eftir samanber 2. lið 76.fundar 20.1.2016.

Samþykkt.

3. Styrkloforð Alcoa Foundation.

Fengist hefur styrkur frá Alcoa Foundation að upphæð 80.000 USD sem greiðast út á tveimur árum. Fyrri greiðslan að upphæð 40.000 USD eða 4.219.767 ísl. kr. barst 3. okt.sl. og kemur sú upphæð til útdeilingar í framkvæmdarfé 2018.

Verkefnisstjóri Guðfinna Harpa Árnadóttir mun koma til næsta fundar stjórnar og gera grein fyrir þeim skyldum sem á sjóðnum hvíla gagnvart Alcoa Foundation sem styrkþega .

Að öðru leyti vísað til 4.liðar 84. fundar 28.07.2017.

Til kynningar.

4. Erindi Landsvirkjun.

Björn Ingimarsson bæjarstjóri er mættur undir þessum lið .

Málið áður á dagskrá 83. og 84. fundar stjórnar. Sindri Freyr Óskarsson stöðvarstjóri Fljótisdalsstöðvar og Sigurður Guðni Sigurðsson deildarstjóri hjá Landsvirkjun (Lv) hafa verið í sambandi við formann og hafa þeir lýst yfir vilja Lv að efla starf sjóðsins með framlengingu á samkomulagi við Virkjunarnefnd Norður Héraðs frá 10.09.2002. 3. grein.

Málið er þó enn í vinnslu innan stjórnkerfis Lv en samkvæmt samtali Sigurðar Guðna og formanns er stefnt á að óska eftir undirritun samkomulags þessa efnis í febrúar nk. .

Etirfarandi tillaga lögð fram.

Formanni falið að boða til stjórnarfundar þegar samkomulagsdrög hafa borist frá Lv.

Samþykkt samhljóða.

5. Ársreikningur 2017.

Elísabet Tómasdóttir frá Deloitte mætti til fundar undir þessu lið. Fór Elísabet yfir ársreikning 2017. (Tölur í sviga eru frá ársuppgjöri 2016). Hrein eign sjóðsins í árslok er kr. 275.566.734. (280.314.246). Til ráðstöfunar á árinu 2018 eru áætlaðar 23,7 milj.kr (22) milj.kr milljónir sem byggir á að raunávöxtun bankainnstæðu verði 1,84 % (1,86 %)

Að lokinni yfirferð var reikningurinn borin upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Ársreikninginn verður sendur til ríkisskattsstjóra, ríkisendurskoðunar, Landsvirkjunar, ráðgjafanefndar sjóðsins, bæjarstjóra, aðal- og varamanna stjórnar. Elísabetu þökkun koman sem og veitt þjónusta Deloitte, vék hún hér af fundi.

6. Útgjaldaáætlun 2018.

Farið yfir útgjaldaáætlun fyrir árið 2018. Þrátt fyrir þá verðhækkun á áburði sem boðuð hefur verið af áburðarbirgjum m.v. verðskrár þeirra frá fyrra ári er svigrúm til aukins landbótastarfs. Kemur það bæði til af styrk frá Alcoa Foundation sem og af fyrirhyggju stjórnar í útgjaldaáætlun sl. árs. Þóknun vegna fundarsetu 2018 verði byggð á sömu

forsendum og fyrri ár byggð á samþykkt frá 71. fundi stjórnar 20.1.2015. Áætlunin rúmast innan þeirrar heimilda sem kynntar voru í 5. lið þessa fundar.

Samþykkt samhljóða

7. Áburðarkaup 2018.

Formanni falið að óska eftir tilboðum frá áburðarbirgjum í allt að 215 tonn af áburði. Áskilin er réttur til að taka hvað boði sem er eða hafna öllum.

Opnun tilboða fer fram föstudaginn 2. febr.nk. stundvíslega kl 15:00 á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska eða fulltrúum þeirra.

Samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál.

8.1 Skiltamál.

Formaður gerði grein fyrir stöðu málsins.

Samþykkt að keyptar verði yfirbreiðslur til að varna skiltunum skemmdum á veturna.

9. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

10. Fundarslit kl 16:40

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

5.2 Fundargerð 86. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs föstudaginn 02.02.2018 fundurinn er haldinn á Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar; Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Björn Hallur Gunnarsson. Sigvaldi setti fund kl 15:00.

1. Opnun tilboða í áburð.

Mættir til fundar auk stjórnar Rúnar Ingi Hjartarson og Dagbjartur Jónsson frá ráðgjafanefnd sjóðsins. Einnig eru mættir eftirtaldir fulltrúar tilboðsgjafa Jón Björgvin Vernharðsson frá Skeljungu, Baldur Grétarsson frá Búvís þá hefur borist tilboð í tölvupósti frá Fóðurlöndunni.

Ekki hefur borist tilboð frá Sláturfélagi Suðurlands umboðsaðila Yara

Efirfarandi tilboð hafa borist.

Tafla yfir tilboð í áburð 2018 með uppgefnum tölum frá tilboðsaðilum.

	Tegund	magn tn.	kr/tn án vsk	samt. án vsk	kr/tn m vsk	samt. með vsk	gr.dagur	Annað
Sprettur	25-5	214,8		10.117.691		12.596.525	15.mai	
Sprettur	26-13	214,8		11.044.468		13.750.363	15.mai	
Sprettur	34,5-15	162		9.553.465		11.894.064	15.mai	
Búvís	30-10	214,8		10.617.564		13.165.779	15.mai	
Búvís	27-12	214,8		10.467.204		12.979.333	15.mai	
Búvís	30-5	214,8		10.091.304		12.513.217	15.mai	Án selen
Fóðurblandan	Fjölmóði 3	214,8		9.996.739		12.395.956	1.mai	

Áburðasölum þökkuð koman.

Fleira ekki gert undir þessum lið.

2. Afgreiðsla innsendra tilboða .

Stjórn sjóðsins ásamt fulltrúum ráðgjafanefndar þeim Dagbjarti og Rúnari Inga yfirfóru tilboðin. Á grundvelli þeirrar skoðunar er ákveðið að ganga til samninga við Búvís um áburðarkaup. Formanni er falið að staðfesta kaup á 215 tonnum af áburði 30-10 fyrir kr.

13.165.779 með vsk. Áburðurinn verður afgreiddur á Reyðarfirði. Komi fram gallar á áburði og við dreifingu áskilur sjóðurinn sér rétt til að gallaður áburður verði bættur samanber tilboðs beiðni .

Samþykkt samhljóða.

3. Önnur sameiginleg mál með ráðgjafanefnd.

Baldur Grétarsson mætir til fundar .

Formaður gerði ráðgjafanefnd grein fyrir ársreikningi 2017 sem og því viðbótarfjármagni sem fengist hefur frá Alcoa Foundation. Þá gerði hann grein fyrir samskiptum stjórnar og Lv. Þá gerði formaður grein fyrir að aðili hefi boðið fram heyrúllur til uppgræðslu.

Ekki fleira tekið fyrir undir þessum lið.

Baldur, Rúnar Ingi og Dagbjartur yfirgefa fundinn að loknum þessum dagskrárlið.

4. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 26.01.2018

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

5. Alcoastyrkur.

Guðfinna Harpa Árnadóttir verkefnistjóri hafði verið boðuð til fundar en boðar forföll. Mun hún því mæta til næsta fundar stjórnar.

6. Önnur mál.

Ekki fleiri önnur mál undir þessum dagskrárlið.

7. Afgreiðsla fundargerðar.

Fundargerð lögð fram til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

8. Fundarslit kl 17:40.

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

5.3 Fundargerð 87. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs miðvikudaginn 14.02.2018 fundurinn er haldinn á Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar; Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Björn Hallur Gunnarsson. Einnig eru mættir frá ráðgjafanefnd Dagbjartur Jónsson og Rúnar Ingi Hjartarson.

Sigvaldi setti fund kl 15:00.

1. Erindi frá Jóni Björgvin Vernharðssyni sölumanni Sprettis á Austurlandi.

Baldur Grétarsson fulltrúi í ráðgjafanefnd hefur lýst yfir vanhæfi sínu vegna stöðu sinnar sem umboðsmaður Búvís á Austurlandi og er því fjarverandi.

Sjóðnum barst í tölvupósti 9.febrúar sl erindi frá Jóni Björgvin Vernharðssyni sölumanni Sprettis á Austurlandi þar sem hann óskar eftir rökstuðningi við áburðarval að loknu útboði 2.febrúar sl. Einnig hefur ráðgjafanefnd borist tölvupóstur frá honum 5.febrúar þar sem óskað er eftir endurútreikningi og rökstuðningi.

Jón Björgvin var boðinn til fundar til skýra sín sjónarmið.

Hann mætir til fundar kl 15:40 og er boðinn velkominn.

Umræður milli aðila, niðurstaða málsins að hann fái skriflegt svar við sínum fyrirspurnum.

Jón yfirgefur fundinn kl 16:30.

Ekkert hefur komið fram að álit stjórnar og ráðgjafanefndar sem gefur tilefni til að álykta að fagleg rök hafi ekki ráðið afstöðu ráðgjafanefndar og stjórnar við val á áburði eftir útboð 2.febr sl.

Eftirfarandi tillaga lögð fram að svari.

Stjórn Landbótasjóðs og ráðgjafanefnd hafa móttekið bréf þín frá 09.02.2018 og 05.02.2018 þar sem óskað er eftir rökstuðningi á vali á áburði. Einnig er farið fram á svör við hugleiðingum þínum varðandi efnainnihald áburðar, áburðadreifara og flæði.

Það er von okkar að neðangreind svör skýri ákvörðun við val á áburði vegna ársins 2018.

Forsendur stjórnar Landbótasjóðs og ráðgjafanefndar.

Útboðsferlið var með sama hætti og undanfarin ár. Sent var út bréf til fjögurra áburðarbirgja þar sem óskað var eftir tilboðum í áburð eins og hefur verið gert síðast liðin ár. Fram að þessu hafa engar athugasemdir verið gerðar af hálfu áburðarbirgja á tilhögun útboðs. Aðeins ein fyrirsögn barst formanni sem fór með málið fyrir hönd stjórnar (símleiddis) frá Fóðurlöndunni um samsetningu áburðar. Eins og kemur fram í bréfi til áburðasala áskilur stjórn sér allan rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum en þau eru metin af stjórn og ráðgjafanefnd. Í tilgreindu bréfi hefur efnasamsetning áburðar ekki verið skilgreind og geta áburðarbirgjar eða sölumenn því ekki gefið sér forsendur fyrir vali stjórnar á tegund.

Val á áburði.

Tillögur ráðgjafanefndar hafa í gegnum árin gengið út á hlutfallslega hærra gildi fosfors (hér eftir nefnt P) en almennt er í landgræðslustarfi. Í tilboðum voru fjórar tegundir sem féllu vel að þessum viðmiðum. Um Sprett 34,5 15 er fjallað síðar. Val á Völlur 30-10 er byggt á verði á köfnunarefni (hér eftir nefnt N) og P gildum. Annað val var Völlur 27-12, og þriðja Sprettur 26-13 en sú tegund var með hæsta verð per tonn af þessum þremur. Varðandi athugasemd þín um að Völlur 30-10 sé með mjög lágt P gildi telja ráðgjafanefnd og stjórn að Völlur 30-10 sé hæfur út frá efnainnihaldi. Önnur tilboð röðuðust neðar og komu þar með ekki til álita.

Í fyrirsögn þinni er spurt um hvort stefnt sé því að draga úr P næstu árin er því til að svara að stjórn og ráðgjafanefnd leggja til að tekin verði jarðvegssýni á uppgræðslusvæðum. Ákvarðanir um samsetningu efnainnihald áburðar verða teknar á grundvelli niðurstaðna, ef hægt er.

Innihald og hlutfall efna tiltekið við útboð

Ný stjórn Landbótasjóðs verður kjörin að loknum sveitastjórnarkosningum í vor og mun fráfari stjórn koma ábendingum þínum áleiðis. Núverandi stjórn hefur velt upp hugmyndum að annarskonar aðferðarfræði við útboð / verðkönnun sem gætu komið í veg fyrir hugsanlegar mistúlkanir á meðferð tilboða og mun koma tillögum um slíkt til komandi stjórnar.

Varðandi tilboð á 162 tonnum af Spretti 34,5-15

Stjórn telur rétt að fram komi að hún teldi það ákveðinn „forsendubrest“ á samningum við samningsbundna áburðarverktaka að ætla þeim að dreifa þetta minna magni per/ha miðað við síðustu ár. Eins og samningar hljóða upp á greitt per tonn óháð ha fjölda en vel að merkja þá er ekki getið um lágmarks eða hámarksskammta í samningnum. Ljóst er að hér væru mikil frávík frá fyrri árum eða nú vegna áætlana fyrir 2018 um rúmlega 50 tonn og teljum við það ekki verjandi sem verkkaupi og til þess fallið að veikja trúveruleika gagnvart verksölum.

Um grun stjórnar á takmarkaðri getu áburðardreifara á dreifingu á litlum skömmtum per/ha. Það skal tekið fram að stjórn Landbótasjóðs hefur engan grun um takmarkaða dreifigetu. Í samningi við verktaka eru ákvæði um dreifigæði sem er kannað í upphafi verktíma hvers árs til að tryggja sem besta útkomu. Þessu til viðbótar hefur ráðgjafanefnd ekki unnið áburðaráætlun fyrir komandi sumar og þar með ekki ákveðið skammtastærðir kg. per ha. og liggur því engin ákvörðun fyrir um að breyta frá fyrri árum.

Samþykkt samhljóða.

2. Önnur mál.

Björn Hallur minnir á fylgt verði eftir að gert verði bakkapróf nk vor.

3. Afgreiðsla fundargerðar.

Fundargerð lögð fram til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

8. Fundarslit kl 18:20.

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

5.4 Fundargerð 88. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs föstudaginn 16.03.2018 fundurinn er haldinn á Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar; Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Jónas Guðmundsson varamaður í forföllum Björns Halls Gunnarssonar.

Sigvaldi setti fund kl 15:00.

1. Drög að viðauka við samkomulag Landsvirkjunar og Virkjunarnefndar Norður Héraðs frá 10. September 2002.

Hilmar Gunnlaugsson hrl mætir undir þessum lið.

Fyrir fundinum liggja drög að viðauka við samkomulag Landsvirkjunar og Virkjunarnefndar Norður Héraðs dags 10.september 2002.

Viðaukinn fjallar um framlengingu á greiðslum samkvæmt samkomulagi aðila og skipulagsskrá Landbótasjóðs Norður Héraðs.

Formaður hefur verið í sambandi við Sigurð Guðna Sigurðsson hjá Lv vegna málsins og hefur með samþykki stjórnar gert athugasemdir við orðalag á 3.lið viðaukans er snýr að kolefnisbindingu.

Þá formaður hefur fh stjórnar óskað eftir fundi með Rögnu Árnadóttur aðstoðarforstjóra Lv um málið næstkomandi mánudag og hefur Lv orðið við þeirri beiðni. Stjórn óskar eftir að Hilmar Gunnlaugsson hrl mæti með stjórn til fundar. Þá mun bæjarstjóri sitja þann fund og mun hann boða tímasetningu hans.

2. Önnur mál.

Engin önnur mál liggja fyrir fundinum.

3. Afgreiðsla fundargerðar.

Fundargerð lögð fram til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

8. Fundarslit kl 16:30.

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

5.5 Fundargerð 89. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs miðvikudaginn 25.04.2018 fundurinn er haldinn á Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar; Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Björn Hallur Gunnarsson.

Sigvaldi setti fund kl 15:00.

Hilmar Gunnlaugsson hrl situr undir dagskrárlið nr 1 og 2.

1. Minnisblað vegna fundar 19.mars sl með fulltrúum Landsvirkjunar og svf Fljótsdalshéraðs.

Lagt er fyrir minnisblað vegna fundar sem stjórn átti ásamt Hilmar Gunnlaussyni hrl með Rögnu Árnadóttur aðstoðarforstjóra Lv og Óla Grétari Sveinssyni einnig sátu fundinn Björn Ingimarsson bæjarstóri og Anna Alexandersdóttir forseti bæjarstjórnar.

Á fundinum var farið yfir drög að viðauka við samkomulag Virkjunarnefndar Norður Héraðs og Landsvirkjunar frá 10.september 2002 og þá sérstaklega það sem á milli bar er varðar eignarhald á kolefnisbindingu.

Niðurstaða fundarins var að Landbótasjóður sendi Landsvirkjun ný drög til baka í anda umræðu og niðurstöðu fundarins .

Fundarseta stjórnar vegna þessa fundar verði greidd sem um stjórnarfund væri.

Samþykkt.

Að öðru leyti til kynningar.

2. Drög að viðauka við samkomulag Virkjunarnefndar Norður Héraðs og Landsvirkjunar frá 10.september 2002.

Björn Ingimarsson bæjarstjóri kom inn til fundar undir þessum lið.

Lögð eru fram drög að viðauka sem formaður fékk heimild stjórnar símleiðis til að senda Landsvirkjun 17.apríl sl. Drög þessi hafa tekið breytingum frá þeim sem Landbótasjóður sendi í kjölfar fundar 19.mars sl sjá lið 1. hér framar.

Landsvirkjun hefur samþykkt þessi drög með símtali Sigurðar Guðna Sigurðssonar við formann 18.apríl sl..

Þá hefur Bæjarráð Fljótsdalshéraðs fjallað um málið á 425.fundi 23.apríl sl. og afgreitt málið til 274.fundar bæjarstjórnar sem haldinn verður 2.mai nk..

Stefnt er á undirritun viðaukans 8.mai nk..

Svohljóðandi viðauki lagður fram til forlegrar samþykktar stjórnar Landbótasjóðs.

Fljótsdalshérað, kt. 481004-3220, Lyngási 12, 700 Egilsstöðum og Landsvirkjun, kt. 420269-1299, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, saman nefnd “aðilar”, gera með sér neðangreindan viðauka, við samkomulag milli Landsvirkjunar og Virkjunarnefndar Norður-Héraðs (nú Fljótsdalshéraðs) um ýmis mál sem tengjast Kárahnjúkavirkjun, dags. 10. september 2002.

Viðauki I

við samkomulag milli Landsvirkjunar og Virkjunarnefndar Norður-Héraðs um ýmis mál sem tengjast Kárahnjúkavirkjun, dags. 10. september 2002

1. grein – Inngangur

Landsvirkjun og Virkjunarnefnd Norður-Héraðs, f.h. Norðurhéraðs (nú Fljótsdalshéraðs) gerðu með sér framangreint samkomulag, dags. 10. september 2002. Í 3. gr. samkomulagsins segir að sérstök ráðgjafanefnd skuli skipuð um áætlun uppgræðslustarfs vegna Kárahnjúkavirkjunar og var Landbótasjóður Norður-Héraðs stofnaður í kjölfarið.

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður fyrir framlag Landsvirkjunar skv. samkomulagi aðila frá 10. september 2002, um uppgræðslu til endurheimtu gróðurlendis sem tapast vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Samkvæmt 3. gr. samkomulags aðila skyldi Landsvirkjun greiða með beinum fjárframlögum til uppgræðslu á vegum sveitarfélagsins 70 milljónir kr. þann 1. júní 2003, 70 milljónir kr. þann 1. júní 2004 og svo 4 milljónir kr. á ári sem greiddar skyldu og greiddar hafa verið 1. júní ár hvert í fimmtán ár frá og með árinu 2003. Samkvæmt framangreindu var síðasti greiðsludagur 1. júní 2017.

Aðilum er ljóst að ekki hefur verið lokið að fullu við þau verkefni sem til stóð að klára á grundvelli samkomulags aðila. Eru aðilar því ásáttir um að gera neðangreindar breytingar á samkomulagi sínu frá 10. september 2002. Breytingarnar felast í fimm (5) ára framlengingu á greiðsluskyldu Landsvirkjunar sbr. 2. gr. samkomulagsins og 3. gr. skipulagsskrár Landbótasjóðs Norður-Héraðs.

Landsvirkjun mun áfram hagnýta sér kolefnisbindingu, sem verður til vegna fjárframlags Landsvirkjunar í sjóðinn, á samningstímanum, sbr. 2. grein. Landbótasjóður ábyrgist ekki samþykki jarðareigenda fyrir slíkri hagnýtingu.

2. grein.

Framlenging á greiðslum samkvæmt samkomulagi aðila og skipulagsskrá Landbótasjóðs Norður-Héraðs

Aðilar eru sammála um að Landsvirkjun greiði áfram næstu fimm (5) árin, þ.e. til og með 1. júní 2022, árlegar greiðslur sem upphaflega voru að fjárhæð kr. 4.000.000 (fjórar milljónir), sem greiða skyldi 1. júní ár hvert til og með 1. júní 2017.

Greiðslufjárhæðin er eftir sem áður vísitölubundin (grunnvísitala 277,6 stig, m.v. grunn frá 1987) og munu greiðslur áfram greiðast 1. júní ár hvert.

3. grein.

Gildissvið, gildistaka og samningseintök

Að öðru leyti en að framan greinir skal samkomulag aðila frá 10. september 2002 og skipulagsskrá Landbótasjóðs Norður-Héraðs haldast óbreytt.

Viðauki þessi sem er tvær (2) tölusettar síður skal taka gildi við undirritun hans. Viðaukinn er gerður í tveimur jafngildum frumeintökum, einu handa hvorum aðila. Viðauki þessi skal undirritaður af fulltrúum aðila sem til þess hafa fullgilda heimild í votta viðurvist er staðfesta réttar undirskriftir, dagsetningu og fjárræði. Auk þess skal viðaukinn undirritaður af meirihluta stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs til staðfestingar á samþykki efni hans.

Reykjavík, [xx]. mars 2018

Samþykkt samhljóða .

Hilmar og Björn yfirgefa fundinn og þeim þökkuð koman.

3. Styrkloforð Alcoa foundation.

Guðfinna Harpa Árnadóttir verkefnastjóri mætir undir þessum lið.

Guðfinna gerði grein fyrir hvað skyldur eru gagnvart Alcoa foundation á samningstímanum.

4. Önnur mál.

4.1 Skráning á kolefnisbindingu.

Dagbjartur Jónsson fulltrúi í ráðgjafanefnd mætir til fundarins og skýrir frá skráningu og aðferðarfræði á kolefnisútreikningi í bókhald Lv.

Dagbjarti þökkuð koman.

4.2 Skiltamál.

Björn Hallur spurði um skiltamál. Formaður upplýsti samkvæmt hans upplýsingum eiga þau að vera tilbúinn til uppsetningar fyrri part sumars.

5. Afgreiðsla fundargerðar.

Fundargerðin lögð fram til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

6. Fundarslit kl. 17:10.

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson

5.6 Fundargerð 90. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs mánudaginn 18.06.2018 fundurinn er haldinn á Skjöldólfsstöðum.

Mætt eru til fundar: Sigvaldi H. Ragnarsson, Björn Hallur Gunnarsson og Guðrún Ragna Einarsdóttir varamaður í forföllum Katrínar Ásgeirsdóttur.

Sigvaldi setti fund kl 17:15

1. Viðauki við samkomulag Virkjunarnefndar Norður Héraðs og Landsvirkjunar frá 10.september 2002.

8. mai sl . undirrituðu stjórn Landbótasjóðs Norður Héraðs, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs og fulltrúar Landsvirkjunar viðauka við samkomulag Virkjunarnefndar Norður Héraðs og Landsvirkjunar frá 10.september 2002. Viðaukinn felur í sér áframhaldandi greiðslur Landsvirkjunar næstu 5 árin umfram fyrri greiðslur til landbótastarfs . Árlegar greiðslur Lv. næstu 5 árin eða til og með 1. Júní 2022 m.v. vísitölu byggingarkostnaðar 1.júní 2018 verða kr. 10.041.787.

Til kynningar.

2. Upplýsingaskilti.

Hafin er vinna við að setja upp ný upplýsingaskilti . Skiltin verða sett í stað eldri skilta sem voru orðin ólæsileg og úr sér gengin.

Björn Hallur Gunnarsson hefur tekið að sér að setja skiltin upp .

Til kynningar.

3. Staða útgjaldáætlunar .

Formaður kynnti stöðu útgjaldaáætlunar.

Til kynningar.

4. Verkáætlun landbótastarfs 2018. Ráðgjafanefnd kynnir tillögur sínar.

Mættir eru til fundar frá ráðgjafanefnd sjóðsins Baldur Grétarsson og Dagbjartur Jónsson kl: 18:00. Rúnar mættir kl 18:15.

Ráðgjafanefnd fór um uppgræðslusvæðin á Jökulsáreyrum í Jökulsárhlíð og Hróarstungu 14.júní sl.. Þá var farið um uppgræðslusvæðin á Jökuldalsheiði og Hrafnkelsdal 15. júní sl.

Baldur gerði grein fyrir skiptingu þeirra 217,8 tonna (200) af áburði sem borin verða á þetta sumarið, 174,6 tonn (158) á Jökuldalsheiði, Brúarsvæði og Hrafnkelsdal. Lagt til að borið verði á 18,6 tonnn (18) á Jökulsáreyrar í Jökulsárhlíð og Hróarstungu þetta árið. Svonefnd bændadreifing fái 17,4 tonn (18). Auk þessa mun unglingavinnuflokkur Landsvirkjunar dreifa 7,2 tonn (6) af áburði. Gert er ráð fyrir lítilsháttar fræðreifingu en starfsmanni LV er falið að meta þörf fyrir fræ. Dreifing sú er vinnu flokkurinn framkvæmir er á svæðum sem ekki eru véltæk. (tölur í sviga magn 2017). Ráðgjafanefnd telur að hægt sé að hefja dreifingu nú þegar á áðurnefnd svæði.

Verkáætlun ráðgjafarnefndar 2018 lögð fram til samþykktar stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi tillaga lögð fram.

Þar sem sjóðurinn hefur ekki gert verktakasamning vegna dreifingar á Jökulsáreyrum er lagt til að nýtt verði 1.gr samnings við dreifingarverktaka, vegna uppgræðsluvinnu 2018 á umræddu svæði „þá munu verksalar dreifa áburði og fræi á önnur svæði en framan er getið óski verkkaupi þess.“ Tilv lýkur.

Samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál.

Formaður kynnti ráðgjafanefnd viðauka við samkomulag frá 10.9.2002. Þá var ráðgjafanefnd einning kynnt staða skiltamála.

6. Kvöldverður kl 19:00

Mættir eru til fundar verktakarnir Sigurður H Jónsson, Snæbjörn Ólason, Jón Björgvin Vernharðsson þá er einnig mættur Arnór Benediktsson starfsmaður sumarvinnuflokks Lv .

7. Verktökum og starfsmanni sumarvinnuflokks Lv kynnt verkáætlun.

Baldur kynnti ný samþykkt verkáætlun 2018 fyrir verktökum og starfsmanni sumarvinnuflokks Lv.

Þá var farið yfir nokkur framkvæmdaratriði í samskiptum stjórnar,ráðgjafanefndar og verktaka sem og starfsmanns Lv. varaðndi nokkur atriði s.s. förgun poka og meðhöndlun á gölluðum áburði. Stjórn mælist til með að verktakar taki myndir af vinnu við uppgræðslustörf og annað sem kann að nýtast sjóðnum í kynningarefni sínu.

Arnór mælist til að véldreift verði eins og unnt er næst þeim svæðum sem vinnuflokkur hans handdreifir á.

Þar sem þetta er síðasti fundur núverandi stjórnar þakkaði formaður f.h stjórnar verktökum og Arnóri samstarfið s.l. 4 ár .

Sömuleiðis þakkaði Jón Björgvin fyrir samstarfið f.h. verktaka.

Baldur þakkaði samstarf liðinna ára.

8. Afgreiðsla fundargerðar.

Fundargerðin lögð fram til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

9. Fundarslit kl 21:40

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

5.7 Fundargerð 91.fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður – Héraðs miðvikudaginn 05.12.2018. Fundurinn er haldinn á Egilsstöðum.

Mættir eru til fundar, Sigvaldi H. Ragnarsson, Björn Hallur Gunnarsson og Katrín Ásgeirsdóttir.

Sigvaldi setti fund kl: 15:00

1. Kosning stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs 2018-2022

Á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar Fljótsdalshéraðs þann 20.júní 2018 voru eftirtaldir kosnir til setu í stjórn Landbótasjóðs Norður Héraðs 2018- 2022.

Aðalmenn:

Sigvaldi H Ragnarsson, formaður, D

Björn Hallur Gunnarsson, varaformaður, B

Katrín Ásgeirsdóttir, L

Varamenn:

Guðrún Ragna Einarsdóttir, D

Sólrún Hauksdóttir, B

Stefanía M. Stefánsdóttir, L

Á fundi bæjarstjórnar 4. júlí 2018 var Baldur Grétarsson skipaður í ráðgjafanefnd sjóðsins sem fulltrúi sveitarfélagsins í nefndinni.

Til kynningar.

Samþykkt að formaður riti fundargerðir á stjórnarfundum.

2. Staða útgjaldaáætlunar

Formaður kynnti stöðu útgjaldaáætlunar.

Til kynningar

3. Störf sjóðsins frá síðasta stjórnarfund

Formaður kynnti nokkur mál og óformleg erindi varðandi starfssemi sjóðsins sem komið hafa upp frá síðasta fundi.

Til kynningar.

4. Starfsáætlun 2018 – 2022.

Samráð verði haft við ráðgjafanefnd um starfssemi sjóðsins næstu fjögur árin er varðar landbótastarf. Stefnt skal að ársskýrslu verði dreift á öll heimili á Norður Héraði árlega.

Málinu að öðru leiti vísað til næsta fundar.

Samþykkt samhljóða.

6 Ársreikningar

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2018

Landbótasjóður Norður-Héraðs
Brúarási
701 Egilsstaðir
kt. 450204-3150

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2018

Efnisyfirlit	
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Yfirlit um ráðstöfunarfé	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7-9

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Landbótasjóðs Norður-Héraðs fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um ráðstöfunarfé, efnahagsreikning og yfirlit um sjóðstreymi, auk skýringa og sundurliðana.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn sjóðsins er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggð er á könnuninni.

Umfang könnunar


Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 2018, hreinni eign hans 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Egilsstöðum, 24. janúar 2019

Deloitte ehf.


Sigurður Álfgeir Sigurðarson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að álit stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, starfsemi ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður á árinu 2003 með skipulagsskrá, sem staðfest var af ráðherra dómsmála. Markmið sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, samanber nánari umfjöllun í skýringu nr. 1 í ársreikningnum.

Samkvæmt skipulagsskrá er stjórn sjóðsins heimilt að úthluta árlega jafngildi raunvaxta sjóðsins auk 1/40 hluta eigin fjár hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á 40 árum. Eins og fram kemur í skýringu nr. 6 í ársreikningnum nam heimil úthlutun samkvæmt þessu 17,1 millj. kr. á árinu, en óráðstafað frá fyrra ári nam 7,5 millj. kr. Ráðstöfun á árinu 2018 nam 22,2 millj. kr., og óráðstafað í árslok 2,4 millj. kr. Miðað við núverandi vaxtakjör á eignum sjóðsins má áætla að til úthlutunar á árinu 2019 geti orðið u.þ.b. 24,5 milljónir króna.

Stjórn Landbótasjóðs Norður-Héraðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Brúarási, 24. janúar 2019

Í stjórn

Sigvaldi H. Ragnarsen
Katrín Ágúrsdóttir
Guðrún Ragnrún Einarssdóttir

Yfirlit um ráðstöfunarfé 2018

	Skýr.	2018	2017
Innborguð framlög			
Framlög Landsvirkjunar	3	4.000.000	4.000.000
Greiddar verðbætur Landsvirkjunar	3	6.041.787	5.500.000
Hreindýraaður		335.190	260.578
Framlög frá Alcoa	4	4.366.400	4.219.767
		<u>14.743.377</u>	<u>13.980.345</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	9	16.834.085	12.388.367
Fjármagnstekjuskattur	9	(3.703.498)	(2.531.454)
Vaxtagjöld	9	(1.220)	(1.210)
		<u>13.129.367</u>	<u>9.855.703</u>
		<u>27.872.744</u>	<u>23.836.048</u>
Útgjöld			
Kostnaður við landbætur og annar kostnaður	10	(22.224.691)	(19.182.984)
		<u>(22.224.691)</u>	<u>(19.182.984)</u>
Aðrir liðir			
Óhafin framlög Landsvirkjunar, breyting	3	41.043.228	(9.400.576)
		<u>41.043.228</u>	<u>(9.400.576)</u>
Hækkun (Lækkun) á hreinni eign á árinu	6	46.691.281	(4.747.512)
Hrein eign frá fyrra ári		<u>275.566.734</u>	<u>280.314.246</u>
Hrein eign í árslok	6	<u>322.258.015</u>	<u>275.566.734</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Eignir			
Langtímakröfur			
Óhafin framlög Landsvirkjunar	3	41.043.228	0
		<u>41.043.228</u>	<u>0</u>
Kröfur			
Virðisaukaskattur		200.685	185.154
Skammtímakröfur		2.165.233	2.097.465
		<u>2.365.918</u>	<u>2.282.619</u>
Handbaert fé			
Bankainnstæður	5	279.454.423	273.292.075
		<u>279.454.423</u>	<u>273.292.075</u>
		<u>322.863.569</u>	<u>275.574.694</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ógreiddur launakostnaður		605.554	7.960
Annar ógreiddur kostnaður		0	0
		<u>605.554</u>	<u>7.960</u>
Hrein eign		<u>322.258.015</u>	<u>275.566.734</u>
Hrein eign			
Óráðstöfuð heimild til úthlutunar	6	2.431.922	3.298.972
Framlag Alcoa til ráðstöfunar á næsta ári		4.366.400	4.219.767
Til ráðstöfunar síðar	6	<u>315.459.693</u>	<u>268.047.995</u>
Hrein eign samtals		<u>322.258.015</u>	<u>275.566.734</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Inngreiðslur			
Innborguð framlög Landsvirkjunar	3	10.041.787	9.500.000
Aðrar innborgaðar tekjur	6	4.633.822	2.382.880
Innborgaðir vextir	9	13.130.587	9.856.913
		<u>27.806.196</u>	<u>21.739.793</u>
Útgreiðslur			
Útborgaður landbótakostnaður og annar kostnaður		(21.642.628)	(19.392.279)
Vaxtagjöld	9	(1.220)	(1.210)
		<u>(21.643.848)</u>	<u>(19.393.489)</u>
Hækkun á handbæru fé			
Handbært fé í ársbyrjun		6.162.348	2.346.304
Handbært fé í lok árs		<u>273.292.075</u>	<u>270.945.771</u>
Handbært fé í lok árs		<u>279.454.423</u>	<u>273.292.075</u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Starfsemi

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnsettur árið 2003 og var skipulagsskrá hans staðfest af ráðherra í október það ár.

Markmiðið með stofnun sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, skv. samningi við sveitarfélagið Norður-Hérað, um uppgræðslu til endurheimtu gróðurlendis sem tapast vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Í skipulagsskránni er markmiðum sjóðsins lýst nánar. Kemur þar meðal annars fram, að stjórn sjóðsins sé heimilt að nýta til úthlutunar úr sjóðnum jafngildi raunvaxta hvers árs að viðbættum 2,5% af eigin fé hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á eigi skemmri tíma en 40 árum, frá og með árinu 2003 að telja. Í skýringu nr. 6 hér á eftir er gerð grein fyrir hvaða fjárhæð var fjáls til úthlutunar á árinu og fyrra ári.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Í stað hefðbundins rekstrarreiknings inniheldur ársreikningurinn yfirlit um ráðstöfunarfé. Er þar gerð grein fyrir innborgun fjármuna til sjóðsins og ráðstöfun fjármuna til verkefna hans.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi edendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

3. Framlög Landsvirkjunar

Fjárframlög Landsvirkjunar samkvæmt samningi, auk viðanka við samninginn, við Norður-Hérað nema alls kr. 220.000.000, og skulu þau greiddast á 20 árum. Framlögin eru verðtryggt með vísitölu byggingakostnaðar og er grunnvísitala miðuð við septembermánuð 2002, eða 277,6 stig.

Landsvirkjun hefur þegar greitt kr. 204.000.000 af ofangreindri fjárhæð, auk verðbóta. Samningsfjárhæðir sundurliðast þannig:

	2018	2017
Greidd framlög til þessa, nafnverð.....	204.000.000	200.000.000
Verðbætur við greiðslur.....	58.991.354	52.949.567
Greitt alls.....	262.991.354	252.949.567
Framlög til og með árinu 2022.....	16.000.000	0
Afallnar verðbætur í árslok.....	25.043.228	0
Óhafin framlög samtals.....	41.043.228	0
	<u>304.034.582</u>	<u>252.949.567</u>

Skýringar og sundurliðanir

4. Framlög frá Alcoa

Landbótasjóður sótti um styrk til Alcoa Foundation. Styrkur hefur fengist til tveggja ára upp á USD 80.000 og greiðist jafnt yfir tímann, þ.e. USD 40.000 pr. ár. Styrkurinn er ætlaður til uppgræðslu á landi. Fyrsti hluti styrksins fékkst greiddur 2017 og seinni hluti styrksins fékkst greiddur 2018.

5. Handbært fé

Handbært fé er ávaxtað á Bakhjarlsreikningi hjá Sparisjóði Austurlands.

6. Hrein eign

Breytingar á hreinni eign greinast þannig:

	2018	2017
Langtímahluti:		
Frá fyrra ári	268.047.995	274.019.576
Viðbótar framlag Landsvirkjunar	50.208.934	0
Verðtrygging höfuðstóls	10.346.918	4.750.339
Laust til ráðstöfunar, 1/25 (1/26) hluti	(13.144.154)	(10.721.920)
	<u>315.459.693</u>	<u>268.047.995</u>
Skammtímahluti:		
Frá fyrra ári	7.518.739	6.294.670
Til ráðstöfunar af höfuðstól, sjá ofar	13.144.154	10.721.920
Fjármunatekjur umfram verðtryggingu höfuðstóls	3.658.530	5.204.788
Hreindýraarður	335.190	260.578
Ráðstafað á árinu	(22.224.691)	(19.182.984)
Óráðstöfuð (ofráðstöfuð) heimild í árslok	<u>2.431.922</u>	<u>3.298.972</u>
Framlög frá Alcoa	4.366.400	4.219.767
Hrein eign samtals	<u>322.258.015</u>	<u>275.566.734</u>

7. Skattamál

Landbótasjóður Norður-Héraðs er undanþeginn tekjuskatti.

8. Ábyrgðir og veðsetningar

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings eru engar.

Skýringar og sundurliðanir

9. Önnur mál

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2018	2017
Vextir af bankareikningi.....	16.834.085	12.388.367
Afdreginn fjármagnstekjuskattur.....	(3.703.498)	(2.531.454)
Vaxtagjöld.....	(1.220)	(1.210)
	<u>13.129.367</u>	<u>9.855.703</u>

10. Kostnaður við landbætur og annar kostnaður

Sundurliðast þannig:

Ábærður og fræ.....	12.806.601	11.010.022
Aðkeypt vinna verktaka.....	5.528.894	5.332.743
Flutningskostnaður.....	1.282.629	1.233.220
Styrkir til landgræðslu.....	0	50.000
Gjaldfærð áhöld.....	7.995	0
Kynningarskilti.....	226.149	0
Vinnulaun.....	1.012.992	496.568
Akstur.....	247.280	107.580
Tryggingagjald.....	93.745	44.785
Lífeyrissjóður.....	108.279	49.658
Endurhæfingarsjóður.....	941	496
Fundakostnaður.....	54.023	68.000
Annar ósundurliðaður kostnaður.....	18.976	18.437
Aðkeypt sérfræðipjónusta.....	639.012	771.475
Lögfræðikostnaður.....	197.175	0
	<u>22.224.691</u>	<u>19.182.984</u>